

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1880

Hið opinbera
gegn
Jóni Eyvindarsyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykja-
víkur kaupstaðar 9. dag aprílmán. þ. á., er hinn kærði
Jón Eyvindarson dæmdur fyrir flakk, óleyfilega lausa-
mennsku og fyrir að hafa brotið gegn banni hlutað-
eigandi lögreglustjóra til að greiða 30 kr. sekt til fá-
tækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að lúka 1
hundraði á landsvísu eptir þá gildandi verðlagsskrá,
helming til nefnds fátækra sjóðs, en helminginn til fá-
tækra fulltrúanna í nefndum kaupstað, eins og líka öll-
um af málinu löglega leiðandi kostnaði. — Þessum
dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfir-
dómsins.

Undirrjettardómsgjörðirnar bera með sjer, að hinn
kærði, Jón Eyvindarson, er frá Spanish Fork í Utah
Territory í Vesturheimi, og að hann hafi komið hingað
snemma á vetri 1879. Hinn kærði hefur játað, að
hann hafi komið í þeim tilgangi að prjedika „evangel-
íð“, og sje hann þeirrar trúar eða Mormónstrúar, eins
og líka, að hann hafi kennt hjer þessa trú og skírt
nokkra. Það er enn fremur sannað, að lögreglustjór-
inn í Reykjavík hefur bannað honum að prjedika o p-
i n b e r l e g a.

Að því nú fyrst snertir það atriði, hvort hinn
kærði hafi orðið sekur um flakk, þá er það upplýst í
málinu, að hann í vetur, er leið, fór um Kjósar- Borg-

arfjarðar- og Mýrasýslu norður í Húnavatnssýslu til þess að kenna trú sína, en að hann að öðru leyti hefur dvalið í Reykjavík. Hinn kærði hefur borið — og annara upplýsinga hefur undirdómarinn ekki leitað í þessu tilliti, — að hann á norðurferð sinni hafi borgað fyrir sig, þar sem þess hafi verið krafizt, og með því ekkert er fram komið, er bendi til, að hann hafi lifað á bónbjörgum, hvorki á nefndri ferð nje í Reykjavík, þá virðist engin sönnun komin fram fyrir því, að hinn kærði hafi brotið gegn lögnum um flakk.

Þvínæst kemur til álita, hvort hinn kærði hafi gjört sig sekan í óleyfilegri lausamennsku. Eins og áður á minnzt, á hiun kærði heima í Vesturheimi, og kom fyrst hingað í vetur, er leið, ekki til þess að setjast hjer að, heldur til þess — eptir því sem frekast verður sjeð — um stuttan tíma að kenna hjer mormónstrú. Honum gat því ekki borið skylda til að fara í vist; en úr því honum ekki bar skylda til þess, þá getur heldur ekki verið spursmál um, að hann hafi setið hjer í óleyfilegri lausamennsku, og á hann því einnig að vera sýkn að því þetta kæratriði snertir.

Loks er hinum kærða gefið að sök, að hann hafi brotið gegn banni lögreglustjórans. Það er upplýst, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur vísað hinum kærða burt hjedan úr lögsagnarumdæminu, að hann að vísu hafi farið, en komið aptur sama dag; en með því lögreglustjórinn ekki lýsti því yfir við hinn kærða, að sekt lægi við, ef hann ekki hlýðnaðist boði þessu, virðist ekki nægileg ástæða til að dæma hann fyrir óhlýðni gegn banni lögreglustjóra. Aptur á móti virðist hinn kærði eptir atvikum eiga að greiða málskostnað fyrir undirrettinum, og ber því að svo miklu leyti að staðfesta hinn áfrýjða lögreglurjettardóm, eins og honum líka ber að greiða allan af áfrýjun máls-

ins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Eyvindarson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrjettarins að vera óraskaður. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melstöðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1880.

Hid opinbera

gegn

Jakobi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 9. dag aprilmán. þ. á., er hinn kærði Jakob Jónsson dæmdur fyrir flakk, óleyfilega lausamennsku og fyrir að hafa brotið gegn banni hlutaðeigandi lögrelustjóra til að greiða 30 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að lúka 1 hundradi á landsvísu eptir þá gildandi verðlagsskrá, helming til nefnds fátækra sjóðs, en helming til fátækra fulltrúanna í Reykjavíkur kaupstað, eins og líka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði. Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.